


# Ársskýrsla 2014



Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports







Borgarnes

Grundartangi

Akranes

Reykjavík

## Fagurströnd

---

Úti í hyl djúpu hafi  
handan við sjónarrönd  
liggur í sólgeisla sindri  
sviptigin Fagurströnd.

Þótt löndin handan við hafið  
hyljist þoku og snjá  
og draumsýnir fegurstu fölni,  
er Fagurströnd alltaf blá.

Og þegar haustmyrkur hylur  
himin og jörð og lá,  
jafnan þá dásemd oss dreymir  
og dýrðir – þangað að ná.

Frá því galvösk við greinum:  
„Ganga þar munum á sand.“  
En sjaldnast þær dáðir drýgjum,  
þótt dreymir hið þráða land.

Við köllum kveðju yfir hafið:  
„Komum, þótt leiðin sé vönd.“  
En aldrei sú för verður farin.  
Ó, fjarlægá sólarströnd!

---

Þorvaldur Sæmundsson  
(Ort eftir ljóði Jóhannesar Jørgensen)



## Frá stjórnarformanni



Rekstur Faxaflóahafna sf. árið 2014 var vel viðunandi eins og liðin ár. Hagnaður var af starfseminni og í öllum meginatriðum voru markmið fjárhagsáætlunar ársins uppfyllt. Starfsemi Faxaflóahafna er ótrúlega fjölbreytt. Fyrirtækið annast þjónustu við skip og útgerðir sem nýta aðstöðu á þeim hafnarsvæðum sem fyrirtækið á og rekur.

Landþróun og lóðagerð er mikilvægur þáttur starfseminnar og fyrirtækinu tengjast þættir svo sem umhverfismál, skipulagsmál, umferðarmál, ferðaþjónusta og atvinnusköpun svo dæmi séu nefnd. Hver þáttur um sig er mikilvægur í samfélagi sem vill þróast á jákvæðan hátt. Hvert hafnarsvæði hefur sína sérstöðu. Gamla höfnin í Reykjavík, sem tekin var í notkun árið 1917, hefur dafnað og þróast og má segja að sem fyrr sé hún enn að taka á sig nýja mynd þar sem fiskvinnsla, útgerð og skipaviðgerðir fléttast á jákvæðan hátt inn í menningarstarfsemi og ferðaþjónustu. Sundahöfn, sem er megingátt flutninga til og frá Íslandi, er enn í þróun og stór verkefni þar framundan til þess að tryggja flutningastarfsemi á þessu mikilvæga atvinnusvæði Reykjavíkurborgar. Á Grundartanga er höfnin og atvinnusvæðið að stækka og mikilvægt að Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit hafi undirritað samkomulag um landþróun þar sem byggir á grænum áherslum og markmiði um að draga sem allra mest úr umhverfisáhrifum þeirrar starfsemi sem þar er og verður í framtíðinni. Á Akranesi eru uppi áform um að efla verulega fiskvinnslu og útgerð með gerð landfyllingar fyrir starfsemi HB Granda hf. Í Borgarnesi er

skoðað hvernig megi bæta aðstöðu til siglinga þangað. Starfsemi Faxaflóahafna sf. varðar um margt umhverfismál. Fyrirtækið hefur um árabil skilað grænu bókhaldi sem gefur vísbendingar um ýmsa umhverfisþætti starfseminnar. Fyrirtækið hefur einnig gert sérstaka úttekt á umhverfismálum á Grundartanga og látið mæla sjávargæði á hafnarsvæðum fyrirtækisins svo dæmi séu nefnd. Nú hefur verið ákveðið að taka næsta skref. Unnið verður að því að starfsemi fyrirtækisins í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum verði vottuð og stefnt að því að sú vottun fáiast þegar líður á árið 2016. Þetta er mikilvægt skref sem lýsir metnaði til þess að starfsemi Faxaflóahafna sf. standi a.m.k. jafnfætis því sem best er gert annars staðar.

Hafnir og hafnarstarfsemi hafa verulegt aðdráttarafl, ekki aðeins fyrir fyrirtæki heldur einnig fyrir almenning sem hefur áhuga og ánægju af því að fylgjast með líflegu athafnasvæði og skipum af öllum gerðum. Það er talsverð áskorun Faxaflóahafna sf. fólgin í því að gæta að öryggi þeirra sem starfa á hafnarsvæðunum og þeirra sem vilja njóta nálægðar við sjóinn og skipin. Í þessum efnum þarf sífellda vöktun og aðgerðir þannig að vel fari auk þess sem árvekni fyrirtækja og einstaklinga er lykilatriði. Á hafnarsvæðunum á að þrífast fjölbreytt starfsemi sem er í sátt við umhverfi sitt. Tækifærin til þróunar eru mörg og umfram allt spennandi. Með samstilltu átaki munum við án vafa sjá áfram jákvæða þróun sem koma mun íbúum, eigenda Faxaflóahafna sf., og fyrirtækjum á svæðinu til góða.

*Kristín Soffía Jónsdóttir,  
formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.*





## Ávarp hafnarstjóra



Hafnir og hafnarsvæði eru uppspretta atvinnulífs. Það má glögg sjá í hafnarborgum víða um heim og þannig er það einnig á þeim hafnarsvæðum sem Faxaflóahafnir sf. eiga og reka. Þó svo að hafnarstarfsemi á Íslandi eigi sér ekki jafnlanga sögu og í mörgum nágrannalöndum okkar þá hefur þróunin á Íslandi verið hröð og hafnir víða um land

forsenda blómlegrar byggðar. Gamla höfnin í Reykjavík, sem í nóvember árið 2017 mun fagna 100 ára afmæli, er gott dæmi um hvernig hafnarstarfsemi hefur haft afgerandi áhrif á þróun byggðar. Eftir einnar aldar starfsemi og ýmsar breytingar í útgerð og atvinnuháttum er höfnin enn mikilvæg. Hún er eina höfuðborgarhöfnin í Evrópu þar sem útgerð fiskiskipa og fiskvinnsla gegna stóru hlutverki og það er sérstaða sem, þrátt fyrir breytingar, hefur haldist og mikilvægt að haldist um ókomna tíð. Samhliða fiskvinnslu og útgerð fiskiskipa hefur menning, ferðapjónusta og skipaviðgerðir þróast í sátt. Lífið í Gömlu höfninni er því fjölbreytt blanda og uppspretta margvíslegrar starfsemi. Höfnin á Akranesi er nokkru yngri en Gamla höfnin í Reykjavík. Mikilvægi hennar fyrir Akranes er hins vegar engu minna. Akraneshöfn hefur tekið breytingum og á síðustu árum hafa umsvif í höfninni minnkað. Nú eru hins vegar merki um að innan fárra ára muni umsvifin aukast á ný og að þar verði ný tækifæri nýtt. Tækifærin eru þar fyrir hendi og með áráðni og skýrri framtíðarsýn má auka starfsemi á Akraneshöfn. Þó svo að umsvifin í Borgarneshöfn hafi á árum áður verið meiri eru þar möguleikar sem verið er að skoða, þó vissulega hafi önnur samgöngumannvirki dregið úr mikilvægi Borgarneshafnar.

Frá því að hafist var handa við gerð Sundahafnar árið 1968 hefur þróunin verið hröð. Reikna má með að höfnin verði fullbyggð á næstu 10 árum, og að um áratugi þar á eftir muni höfnin áfram gegna hlutverki megingáttar inn- og útflutnings til og frá Íslandi. Við stofnun Faxaflóahafna sf. var það markmið sett að á Grundartanga yrði aðstaða fyrir hafnar-, iðnaðar- og athafnastarfsemi sem m.a. var áður hugsuð í Eiðsvík og Gufunesi. Á Grundartanga eru miklir flutningar með hráefni og framleiðslu og þar hafa innviðir svæðisins styrkst verulega á síðustu árum og mikilvægi svæðisins fyrir atvinnulíf á Íslandi aukist verulega. Umhverfismál hafa talsvert verið til umfjöllunar á Grundartanga. Af hálfu Faxaflóahafna sf. skipta umhverfismál fyrirtækið miklu máli enda eru fjölmargir þættir í starfseminni tengdir umhverfinu og umhverfismálum. Almennur umhverfisfrágangur, aukin sala rafmagns til skipa, umhverfisúttektir, mælingar á hljóðvist og sjávargæðum eru nokkrir þættir sem skipta máli í þessu efni. Nú stefna Faxaflóahafnir sf. á vottuð stjórnunarkerfi fyrir umhverfismál og heilsu- og öryggismál, sem undirstrikar mikilvægi þessara mála.

Þróun byggða er svo sannarlega tengd líflegum hafnarsvæðum og mikilvægt er að hafnir starfi á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar og viðurkenndra umhverfismælikvarða þannig að áhrif starfseminnar leiði til jákvæðrar þróunar samfélagsins. Faxaflóahafnir sf. hafa rekið starfsemi sína á þeim forsendum og á eins gegnsæjan hátt og kostur er. Innan þess ramma hefur meginmarkmiðum eigenda fyrirtækisins verið náð. Framundan eru krefjandi verkefni sem stuðla eiga að enn öflugra atvinnu- og athafnalífi við Faxaflóa þar sem fjölbreyttnin verður í öndvegi og starfsemi áfram byggð á umhverfislegri ábyrgð í þágu samfélagsins.

# Skýrsla stjórnar Faxaflóahafna sf. og hafnarstjóra á ársfundi Faxaflóahafna sf. 29. maí 2015

## Inngangur

Rekstur og framkvæmdir á vegum Faxaflóahafna sf. og afkoma fyrirtækisins voru á árinu 2014 í öllu samkvæmt því sem lagt var upp með í fjárhagsáætlun ársins. Rekstrarafkoma var reyndar heldur betri en gert var ráð fyrir, tekjur umfram áætlun og rekstrargjöld undir áætlun.

### Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutir þeirra voru í lok desember 2014 eftirfarandi:

Reykjavíkurborg	75,5551%
Akraneskaupstaður	10,7793%
Hvalfjarðarsveit	9,3084%
Borgarbyggð	4,1356%
Skorradalshreppur	0,2216%

## Stjórn fyrirtækisins

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. þann 27. júní 2014 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn fyrirtækisins:

### Frá Reykjavíkurborg:

Aðalmenn: Kristín Soffía Jónsdóttir, *formaður*  
S. Björn Blöndal, *varaformaður*  
Júlíus Vífill Ingvarsson  
Líf Magneudóttir  
Pórlaug Ágústsdóttir

Varamenn: Gunnar Alexander Ólafsson  
Elín Oddný Sigurðardóttir  
Elsa Hrafnhildur Yeoman  
Sævar Óli Helgason  
Hildur Sverrisdóttir

### Frá Akraneskaupstað:

Aðalmaður: Ólafur Adolfsson  
Varamaður: Einar Brandsson  
Áheyrnarfulltrúi: Ingibjörg Valdimarsdóttir

### Frá Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður: Björgvin Helgason  
Varamaður: Arnheiður Hjörleifsdóttir

### Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:

Aðalmaður: Jónína Erna Arnardóttir  
Varamaður: Helgi Haukur Hauksson

### Áheyrnarfulltrúi starfsmanna kosinn af starfsfólki:

Aðalmaður: Sigurður Ólafsson  
Varamaður: Baldvin Breiðfjörð

## Afkoma ársins 2014

Afkoma ársins 2014 var vel viðunandi og reyndar betri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Tekjur voru 220,9 mkr. umfram áætlun en rekstrarútgjöld undir áætlun. Þá voru fjármagnsliðir undir fjárhagsáætlun enda þróun verðlags hagstæðara en oftast áður. Hagnaður ársins 2014 varð meiri en áætlað hafði verið og 56,8 mkr. hærri en árið 2013.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. árið 2014 voru rétt liðlega kr. 3,0 ma.kr. sem er 7,2% hækkun tekna á milli áruna 2013 og 2014. Hafa þó í huga að á árinu 2014 var bókfærður söluhagnaður eigna 60,3 mkr. Þetta árið voru allir tekjuliðir yfir áætlun en þyngst vegur aukning í vörugjöldum og aukið umfang í skipapjónustu. Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2014 voru kr. 2,4 ma.kr. Rekstrargjöldin voru undir því sem áætlað hafði verið, en hækka eftir sem áður um 7,0% á milli ára. Meginhækkunin felst í auknum framlögum til viðhaldsverkefna auk þess sem launabreytingar skv. kjarasamningum hafa áhrif til hækkunar.

Að teknu tilliti til fjármunaliða var rekstrarhagnaður ársins 2014 alls 644,4 mkr. sem er 367,6 mkr. betri niðurstaða en áætlun ársins 2014.

Eignir voru í árslok samtals 13,2 ma.kr. og hækka óverulega á milli ára. Langtímaskuldir Faxaflóahafna sf. voru í árslok 958,8 mkr. og lækka á milli ára um 215,7 mkr.

Skammtímaskuldir lækkuðu um 155,8 mkr. Handbært fé frá rekstri var 1,3 ma.kr. og 161,0 mkr. hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga lækkaði handbært fé um 46,5 mkr. og var í árslok 842,4 mkr.

## Fjárfestingar og framkvæmdir á árinu 2014

Skipting fjárfestinga eftir hafnarsvæðum er eftirfarandi:

	Fjárhæð	Skipting
Gamla höfnin	221	21,8%
Sundahöfn	283	27,9%
Grundartangi	431	42,5%
Akranes	49	4,8%
Tæki og búnaður	30	3,0%
<b>Alls</b>	<b>1.014</b>	<b>100,0%</b>

Millj.kr.

**Í Gömlu höfninni í Reykjavík** var unnið að 3. áfanga endurnýjunar efri hæðar Bakkaskemmu og með honum lýkur heildarfrágangi á innréttingum fyrir Sjávarklasann á allri efri hæð hússins. Þar hefur verið sköpuð aðstaða fyrir klasa fyrirtækja sem vinna að verkefnum tengdum sjávarútvegi. Þá var unnið að umhverfisfrágangi við Norðurgarð, en samhliða því hefur HB Grandi hf. reist þar nýja frystigeymslu og umhverfislisterkið Púfuna. Í Vesturbugt var byggð timburbyggja með frambyggingu Sjóminjasafnsins að Grandagarði 8 og með þessari framkvæmd er í megindrattum lokið framkvæmdum við frágang þessa svæðis.

**Í Sundahöfn** var lokið við ýmis verkefni við lengingu Skarfabakka um 200 metra, en þessi bakkagerð hefur verið meginframkvæmd Faxaflóahafna sf. á árunum 2013–2014. Þá var hafinn undirbúningur að gerð 470 metra hafnarbakka utan Klepps, sem verður meginverkefni Faxaflóahafna sf. á árunum 2015–2018 og er ætlað að verða helsti hafnarbakki farmstöðvar Eimskips í framtíðinni fyrir stærri og djúpristari flutningaskip.



Reykjavíkurhöfn.



Sundahöfn.





**Á Grundartanga** var unnið að lóða- og gatnagerð og hafnarframkvæmdum við lengingu Tangabakka, en byggingu bakkans lýkur vorið 2015. Hafinn var undirbúningur að úthlutun lóðar fyrir Silicor Materials á Katanesi á Grundartanga.

**Á Akranesi** var unnið að dýpkun innsiglingar og snúnings-svæðis skipa við Aðalhafnargarð. Dýpkunarverki lauk á árinu 2014 og nú er um 10 m dýpi á þessu svæði.

## Skipulags- og lóðamál

Í Sundahöfn var hafin bygging kæligeymslu á lóðinni Kornagarðar 1. Þá var lóðinni Kornagarðar 3 úthlutað undir vöruhús og við Kjalarvog var einnig úthlutað lóð undir vöruhús. Með úthlutun þessara þriggja lóða er öllum skipulögðum lóðum á Sundahafnarsvæðinu úthlutað, en ætla má að á næstu árum verði þörf fyrir vöruhús vegna flutninga um Sundahöfn. Svæðið utan Klepps er óskipulagt, en þar er að mestu gert ráð fyrir athafnasvæði skipafélaganna og þjónustu sem tengist beint starfsemi þeirra.



Emill Þór

Grundartangi.



Haukur Snorrason

Akranes.



Á Grundartanga var unnið að breytingu á aðal- og deiliskipulagi í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu Silicor Materials á sólarkísilverksmiðju. Samhliða skipulagsvinnunni var gerð rannsókn á þeim fornleifapunktum á landi Kataness, sem nauðsynlegt var að skoða, en niðurstaða rannsókna leiddi ekki í ljós nein forn mannvirki sem tálma framkvæmdum á lóðinni ef og þegar verkefni Silicor fer af stað.

Á Akranesi var hafin skoðun á stækkun lands vegna áforma HB Granda hf. um uppbyggingu í Akraneshöfn. Áform HB Granda hf. lúta að endurskipulagningu á starfsemi fyrirtækisins á Akranesi m.a. með byggingu uppsjávarfrystihúss, fiskvinnsluhúss og kæligeymslu. HB Grandi hf. hóf einnig framkvæmdir við byggingu þjónustuhúss og sormóttöku á Norðurgarði í Reykjavík.

Málefni Björgunar ehf. hafa sem fyrr verið til umfjöllunar. Í árslok 2014 var ákveðið að senda fyrirtækinu formlega uppsögn á afnotum lóða í Sævarhöfða með þeim skilmála að starfsemi þar verði hætt í lok árs 2016 og svæðinu þá skilað til Faxaflóahafna sf. Aðila greinir enn á um ýmis atriði varðandi lóðarleigusamning sem rann samkvæmt efni sínu úr gildi 1. september árið 2009. Leitað hefur verið samkomulags í málinu án árangurs, en áfram verður reynt að ljúka málinu í sátt áður en þau tímamörk renna upp sem tilkynnt hefur verið um.

---

## Umhverfismál

---

Faxaflóahafnir sf. hafa á liðnum árum unnið að ýmsum umhverfisverkefnum, enda eru fjölmargir þættir umhverfismála sem snerta uppbyggingu hafnarsvæða og hafnarreksturs. Grænt bókhald var tekið upp árið 2006, samþykkt hefur verið umhverfisstefna, gerðar hafa verið mælingar á sjávargæðum og unnin skýrsla um umhverfismál á Grundartanga svo dæmi séu nefnd. Ný löggjöf herðir upplýsingagjöf um móttöku á sorpi og ár hvert er unnið að frágangi svæða þannig að þau uppfylli væntingar um gott útlit og umhirðu. Hafinn er undirbúningur að vinnu við umhverfsvottun Faxaflóahafna sf. Efnið sem þar á heima er víðfeðmt og upplýsingar um flesta þætti liggja fyrir. Eftir sem áður er talsverð vinna við að formgera þau atriði sem falla undir vottaða starfsemi og skipuleggja eftirfylgni og öguð vinnubrögð við framkvæmd verkefnisins.

Faxaflóahafnir sf. hafa á síðustu árum lagt áherslu á umhverfis- og öryggismál, en í báðum málaflokkum verður sífellt verk að vinna, en metnaður er fyrir hendi til þess að standast bestu viðmið sem sett eru í þessum málum.






## Tölfræði

Helstu tölur varðandi flutninga, afla og skipakomur sýna að vöruflytningar hafa aukist lítillega og tekjur af vörugjöldum vaxið um 6,2%. Skipakomum fækkaði hins vegar um 4,5%. Flutningar í tonnum talið jukust um 2,3%, en fjöldi gámaeininga jókst úr 241.900 TEU í 261.700 TEU, sem er 8,1% aukning. Þessar tölur bera með sér að samsetning flutninganna hafi verið að breytast og aukinn flutningur gáma og hækkan á tekjum hafnar þýði að innflutningur á almennum varningi fari vaxandi.

Vöruflytningar um hafnir Faxaflóahafna sf. (tonn)



Heildarafli ársins 2014 er nokkru meiri en var árið 2013, einkum landaður afli í Reykjavík. Þar veldur m.a. aukning á veiðiheimildum og aukin veiði á makríl. Landaður afli á Akranesi dróst saman, en í magni ráða þar helst aflabrögð á uppsjávarfiski, en loðnuvertíð á árinu 2014 var léleg og endaslepp. Meira áhyggjuefni er á Akranesi með löndun á bolbfiski sem hefur minnkað jafnt og þétt síðustu ár, en það hefur grafið undan rekstrargrundvelli fiskmarkaðar þar, sem aftur er forsenda fyrir löndun á afla frá smábátum.


**Þróun landaðs afla hjá Faxaflóahöfnum frá 2008 til 2014 er eftirfarandi (tonn):**

Fiskur	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Reykjavík	107.803	105.044	108.968	114.869	109.134	111.322	131.246
Akranes	25.071	24.833	34.708	34.218	46.359	28.610	21.882
Alls	132.874	129.877	143.676	149.087	155.493	139.932	153.128


Á árinu 2014 komu alls 1.406 skip yfir 100 brt. til Faxaflóahafna sf. og er það fækkun á milli ára um 66 skip. Veruleg aukning hefur orðið á síðustu árum í fjölda brúttótonna m.a. vegna komu stærri skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur. Brúttótonnafjöldi skipa á árinu 2014 var 9,1 milljónir tonna, sem er 4,6% aukning frá árinu 2013.



### Skipakomur 2008–2014



### Komur skemmtiferðaskipa og fjöldi farþega



Ágæt þróun hefur átt sér stað á síðustu árum varðandi komur skemmtiferðaskipa, en komum þeirra hefur fjölgað og farþegum fjölgað auk þess sem þau skip sem koma nú til Íslands eru stærri en áður. Útlit er fyrir að þessi þróun haldi áfram.

Í lok árs 2014 voru 64 fastráðnir starfsmenn hjá Faxaflóahöfnum sf. og fjöldi þeirra óbreyttur á milli ára. Að teknu tilliti til sumarafleysinga og sumarstarfa í Bækistöð eru ársstörf innan fyrirtækisins um 68.

Störf	2012	2013	2014
Hafnarþjónusta	31	32	32
Bækistöð	14	13	13
Tæknideild	3	3	3
Skrifstofa	12	12	13
Fasteignir	1	2	2
Siglingavernd – Umhverfismál	1	1	1
Alls	62	63	64

Ástæða er til að færa starfsfólki Faxaflóahafna sf. þakkir fyrir vel unnin störf og hlutdeild þeirra í ágætum árangri árið 2014.





## Ýmis atriði

Frá árinu 2011 hefur verið unnið að endurnýjun og innréttingu efri hæðar Bakkaskemmu þar sem Sjávarklasinn hefur haslað sér völl. Á árinu 2014 var unnið að lokaáfanganum og hann nánast tilbúinn í lok ársins. Þar eru nú um 40 smærri fyrirtæki með starfsemi sína, en öll tengjast þau á einn eða annan hátt sjávarútvegi og fiskvinnslu eða nýsköpun. Verkefnið hefur tekist vel og eru væntingar um að það muni áfram þróast á þann jákvæða hátt sem raun hefur verið.

Í Sundahöfn er unnið að undirbúningi á nýjum hafnarbakka utan Klepps, sem tekur við af eldri Kleppsbakka, sem ekki mun geta þjónað hlutverki sínu á komandi árum. Verkefnið er flókið og nokkuð stórt, en jafnframt forsenda þess að Sundahöfn geti um ókomin ár þjónað sem megingátt inn- og útflutnings frá landinu. Ráðgert er að framkvæmdum við þennan nýja bakka ljúki á árinu 2018.



Unnin var skýrsla um atvinnustarfsemina á Grundartanga, en Björn S. Lárusson vann skýrsluna. Í henni er gerð grein fyrir þeirri starfsemi sem þar er, fjölda fyrirtækja og starfa á svæðinu auk þess sem dregin eru fram helstu atriði sem forráðamenn fyrirtækjanna vilja koma á framfæri. Þá vann Bergþóra Bergsdóttir skýrslu um möguleika þess að sigla með farþega milli Akraness og Reykjavíkur og skoða þessi sveitarfélög nú hvort þær siglingar séu raunhæfur kostur. Loks vann Bergþóra Bergsdóttir skýrslu um atvinnustarfsemi í Sundahöfn.

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. í júní 2014 var afhent umhverfisviðurkenning, Fjörusteinninn, til þess fyrirkæpis, sem metið var vert viðurkenningar. Að þessu sinni var Fjörusteinninn afhentur HB Granda hf.

Á árinu 2014 var hafin skoðun á því hvernig auka megi landtengingar skipa við rafmagn. Ljóst er að á þeim tengingum eru ákveðnar takmarkanir en mikilvægt að þeir tengingar





möguleikar sem eru fyrir hendi verði nýttir sem allra best. Langflest skip sem koma í Gömlu höfnina í Reykjavík og á Akranes nýta landtengingar, en með nýjum reglum um útblástur skipa er nú skoðað hvernig megi stíga næstu skref varðandi rafmagnstengingar.

Eigendur Faxaflóahafna sf. undirrituðu á árinu 2014, ásamt Kjósarhreppi viljayfirlýsingu um stofnun þróunarfélags um Grundartanga. Kjósarhreppur hefur að vísu dregið áhuga sinn til baka en unnið er að því að þróunarfélag verði stofnað, en því er ætlað að vinna að stefnumótun um Grundartanga-svæðið þar sem grænar áherslur verða í öndvegi. Þá áttu sér stað viðræður við Hvalfjarðarsveit um gerð samkomulags um ýmsa þjónustubætti, lóðamál og stefnu við uppbyggingu svæðisins og stefnt að því að ljúka því máli með gerð samkomulags um efnið.

Í októbermánuði 2014 var haldið árlegt málþing með notendum Faxaflóahafna sf. og tókst vel. Hátíð hafsins var haldin venju samkvæmt og var hún fjölsótt þrátt fyrir að veður hafi oft verið betra.

Faxaflóahafnir sf. eiga hluti í hlutafélagnum Eignarhaldsfélaginu Speli hf., Vatnsveitufélagi Hvalfjarðar og Halakoti ehf. Eignarhaldsfélagið Spölur hf. er eigandi hlutfjár í Speli ehf., sem á og rekur Hvalfjarðargöng. Rekstur þess félags er samkvæmt þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar göngunum og er gert ráð fyrir að uppgreiðslu lána þar ljúki á árinu 2018 og að Hvalfjarðargöng verði afhent ríkissjóði til eignar og rekstrar á fyrri hluta árs 2019.

Halakot ehf. var stofnað til að byggja aðstöðu fyrir smærri útgerðaraðila á Akranesi. Í húsinu sem reist var á árinu 2011 og 2012 eru sex mismunandi stór bil og eru fjórar einingar seldar en Halakot ehf. á enn tvær einingar, sem eru til sölu.







## Niðurlag

Á síðustu misserum hefur aukið líf færst í starfsemi fyrirtækja á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. og merkja má vaxandi áræðni í fjárfestingum. Eins og áður er nefnt þá hefur nú öllum skipulögðum lóðum í Sundahöfn verið úthlutað, vaxandi áhugi er á framkvæmdum á lóðum í Örfirisey, áhugi er á aukinni starfsemi í Akraneshöfn og á Grundartanga eru stór áhugaverð verkefni í undirbúningi og skoðun. Öll þessi verkefni eru til þess fallin að styrkja stoðir Faxaflóahafna sf. til lengri tíma og skapa grundvöll fyrir fjölgun starfa, aukinni verkþekkingu og menntun í nýrri starfsemi. Hlutverk Faxaflóahafna sf. í þróun atvinnulífs á starfssvæði fyrirtækisins er mikilvægt og í raun fjölbreyttara en margan grunar.

Starfsemi Faxaflóahafna sf. varðar útgerð og fiskvinnslu, ferðaþjónustu og menningarlíf, iðnað og flutninga svo dæmi



séu nefnd, en allir þessir þættir eru hluti innviða atvinnulífs á Íslandi. Þeim mun betur sem innviðir Faxaflóahafna sf. eru og þeim mun betra þróunarsvæði sem fyrirtækið býr að þeim mun meiri möguleikar eru á hagfelldri þróun og nýtingu þeirra möguleika sem samfélaginu bjóðast. Á Íslandi og í hafinu umhverfis er og mun þróast starfsemi sem hefur og mun hafa áhrif á íslenskt efnahagslíf. Það skiptir því miklu máli að vel sé haldið á málum á hafnarsvæðum fyrirtækisins. Fjárhagur Faxaflóahafna sf. er traustur og verkefni framundan mörg og krefjandi. Með öflugum fyrirtæki, sem býr að reynslumiklu fagfólki eru flestir vegir færir í þá átt að ná settum markmiðum.

Reykjavík, 29. maí 2015


Kristín Soffía Jónsdóttir, *formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.*

Gísli Gíslason, *hafnarstjóri*



# Reykjavíkurböfn

## Landgerð 1900–2030



### Skýringar

Mörk hafnarsvæða



Strandlína 1900



Upprunalegt land



Landfylling til 2013



Væntanleg landfylling




**Upprunalegt land: 174,6 ha**

**Fylling til 2013: 156,8 ha**

**Framtíðarfylling: 13,2 ha**

**Alls: 344,6 ha**








## Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. árið 2014 (í tonnum)


	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
<b>Innflutningur</b>							
Olía	436.514	452.345	365.080	374.154	342.297	372.697	352.874
Vörur til stóriðju	805.701	994.166	1.042.311	1.110.674	1.092.338	1.200.988	1.131.419
Bífreiðar	22.392	3.580	5.598	9.885	14.832	15.404	20.633
Byggingavörur	101.543	67.800	67.305	69.394	69.928	71.413	79.489
Laust korn	60.846	25.130	57.855	74.569	75.107	72.320	82.571
Ýmsar vörur	670.816	456.222	396.341	463.669	465.674	468.820	545.193
	2.097.812	1.999.243	1.934.491	2.102.346	2.060.176	2.201.642	2.212.179
<b>Útflutningur</b>							
Vörur frá stóriðju	445.038	394.703	363.403	350.453	459.066	429.626	443.033
Sjávararafurðir	260.983	280.426	261.690	252.186	272.549	270.284	262.256
Ýmsar vörur	162.889	162.263	99.164	183.802	170.030	121.056	171.274
	868.910	837.392	724.257	786.441	901.645	820.966	876.563
<b>Strandflutningar</b>							
Frá höfn	123.984	182.386	123.131	95.734	15.254	46.255	6.121
Til hafnar	1.503	2.977	0	0	0	4.920	22.323
	125.487	185.363	123.131	95.734	15.254	51.175	28.444
<b>Milliflutningar</b>	40.170	64.720	34.938	36.116	51.711	79.055	80.219
<b>Alls:</b>	3.132.379	3.086.718	2.816.816	3.020.637	3.028.786	3.145.619	3.197.405
<b>Dæld steinefni</b>	956.215	361.680	204.000	203.000	116.780	209.950	266.000
<b>Landaður afli</b>	126.767	119.618	135.355	149.087	155.493	139.932	153.128
<b>Alls:</b>	<b>4.215.361</b>	<b>3.568.016</b>	<b>3.156.171</b>	<b>3.372.724</b>	<b>3.301.059</b>	<b>3.495.501</b>	<b>3.616.533</b>



### Innflutningur um hafnir Faxaflóahafna (í tonnum)



### Skipting innflutnings um hafnir Faxaflóahafna



### Fjöldi skipa um hafnir Faxaflóahafna

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Flutningaskip	574	451	420	424	448	503	486
Tankskip	134	145	135	125	128	141	116
Farþegaskip	82	80	77	68	82	80	91
Rannsóknar- og varðskip	86	82	83	73	93	70	56
Togarar og fiskiskip	625	711	753	742	685	634	625
Önnur skip	24	35	45	22	35	44	32
<b>Samtals</b>	<b>1.525</b>	<b>1.504</b>	<b>1.513</b>	<b>1.454</b>	<b>1.471</b>	<b>1.472</b>	<b>1.406</b>



### Gámaflutningar um hafnir Faxaflóahafna í gámaeiningum (TEU)

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
<b>Til hafnar</b>							
Hlaðnir	113.025	72.421	77.489	82.833	89.207	92.582	102.537
Tómir	19.737	24.018	19.019	19.620	22.699	31.589	29.632
	132.762	96.439	96.508	102.453	111.906	124.171	132.169
<b>Frá höfn</b>							
Hlaðnir	62.947	62.535	60.665	61.213	63.848	66.781	72.025
Tómir	71.442	34.842	35.605	36.184	44.764	50.905	57.538
	134.389	97.377	96.270	97.397	108.612	117.686	129.563
<b>Samtals</b>							
Hlaðnir	175.972	134.956	138.154	144.046	153.055	159.363	174.562
Tómir	91.179	58.860	54.624	55.804	67.463	82.494	87.170
	<b>267.151</b>	<b>193.816</b>	<b>192.778</b>	<b>199.850</b>	<b>220.518</b>	<b>241.857</b>	<b>261.732</b>



## Þjóðerni og fjöldi farþega skemmtiferðaskipa sem fara um hafnir Faxaflóahafna

Land	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Þýskaland	21.817	22.119	20.604	20.841	21.404	25.564	22.378	35.039	31.140	36.429
England	13.582	15.383	17.265	17.537	16.987	13.859	13.536	22.754	15.337	26.265
USA	8.095	7.550	5.528	8.531	15.774	10.917	10.695	14.400	28.944	18.425
Frakkland	1.742	1.903	2.658	1.451	1.550	3.354	2.963	3.031	853	1.120
Ástralía	203	286	370	455	499	625	1.041	2.468	941	1.424
Kanada	828	1.559	874	1.294	2.243	1.271	1.997	2.424	215	3.566
Sviss	777	560	607	1.035	947	931	1.315	1.608	2.833	1.571
Austurríki	513	805	616	743	862	965	1.127	1.389	1.290	1.424
Holland	452	547	404	1.415	977	1.383	819	1.196	1.191	1.333
Ítalía	1.689	1.215	1.031	1.296	1.336	2.192	1.270	1.093	828	1.626
Spánn	486	492	462	693	828	4.682	345	624	280	1.031
Belgía	586	170	427	581	540	612	627	463	1.693	1.114
Rússland	660	595	238	531	243	264	257	330	823	388
Noregur	27	24	275	50	69	68	102	209	995	787
Svíþjóð	35	51	371	179	415	765	391	117	195	562
Önnur Lönd	3.303	1.964	1.799	2.676	4.193	2.681	3.810	4.809	4.854	6.299
<b>Samtals</b>	<b>54.795</b>	<b>55.223</b>	<b>53.529</b>	<b>59.308</b>	<b>68.867</b>	<b>70.133</b>	<b>62.673</b>	<b>91.954</b>	<b>92.412</b>	<b>104.816</b>
Ferðir	77	74	76	83	80	74	67	81	80	91
Meðaltal	712	746	704	715	861	948	935	1.135	1.155	1.152

### Landaður afli í Reykjavík 2013 og 2014 (tonn)




### Landaður afli á Akranesi 2013 og 2014 (tonn)





# Ársreikningur Faxaflóahafna sf. 2014





# Skýrsla og áritun hafnarstjórnar og hafnarstjóra

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.

Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reiknings-skilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 644 millj.kr. Eigið fé félagsins í lok árs nam um 11.804 millj.kr., en nam um 11.333 millj.kr. í byrjun árs. Að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá Faxaflóahöfnum sf. voru að jafnaði 68 og launagreiðslur félagsins námu um 576 millj.kr. á árinu.

## Eignarhlutur eigenda Faxaflóahafna sf. er eftirfarandi:

Reykjavíkurborg	75,5551%
Akraneskaupstaður	10,7793%
Hvalfjarðarsveit	9,3084%
Borgarbyggð	4,1356%
Skorradalshreppur	0,2216%

Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé félagsins.

Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2014 með undirritun sinni.



Gísli Gíslason, hafnarstjóri



Kristín Soffía Jónsdóttir



Líf Magneudóttir



S. Björn Blöndal



Þórlaug Ágústsdóttir



Júlíus Vífill Ingvarsson



Ólafur Adólfsson



Jónína Erna Arnardóttir



Björgvin Helgason

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Faxaflóahafna sf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við

áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningur Faxaflóahafna sf. gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 13. mars 2015.

KPMG ehf.

Arni Claes

# Rekstrarreikningur ársins 2014

	2014	2014	2013
<b>Rekstrartekjur</b>		<i>Fjárhagsáætlun</i>	
Vörugjöld .....	998.140	939.467	959.098
Aflagjöld .....	227.189	210.000	223.775
Skipagjöld .....	298.282	283.374	280.378
Eignatekjur .....	780.374	765.491	730.238
Hafnarþjónusta .....	446.606	413.874	423.224
Siglingavernd .....	237.812	215.664	224.454
Söluhagnaður eigna og aðrar tekjur .....	60.326	0	1.729
	<u>3.048.729</u>	<u>2.827.870</u>	<u>2.842.895</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Hafnarvirki .....	429.069	402.565	366.649
Eignagjöld .....	340.981	358.701	271.191
Hafnarþjónusta .....	403.455	408.757	393.653
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	282.412	296.600	298.317
Siglingavernd .....	184.431	183.879	171.117
Afskriftir .....	764.003	810.000	745.960
	<u>2.404.352</u>	<u>2.460.502</u>	<u>2.246.886</u>
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	<u>644.377</u>	<u>367.368</u>	<u>596.009</u>
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og arður .....	54.536	40.906	75.475
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....	( 54.481 )	( 131.478 )	( 83.860 )
	<u>55</u>	<u>( 90.572 )</u>	<u>( 8.385 )</u>
Hagnaður ársins .....	<u><u>644.432</u></u>	<u><u>276.796</u></u>	<u><u>587.624</u></u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	<b>2014</b>	<b>2013</b>
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir og lóðir .....	3.706.556	3.972.704
Hafnir og mannvirki .....	6.490.580	6.315.453
Gatnakerfi .....	890.444	779.226
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki .....	265.893	306.695
	<u>11.353.474</u>	<u>11.374.078</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	176.644	176.139
Langtímakröfur .....	169.310	347.373
	<u>345.954</u>	<u>523.511</u>
Fastafjármunir samtals	<u>11.699.428</u>	<u>11.897.589</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
Næsta árs afborgun langtímakrafna .....	354.910	49.088
Viðskiptakröfur .....	308.021	270.262
Aðrar kröfur .....	3.943	4.822
Fyrirframgreiðslur .....	7.819	5.982
Handbært fé .....	842.421	888.881
Veltufjármunir samtals	<u>1.517.113</u>	<u>1.219.035</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u><u>13.216.541</u></u>	<u><u>13.116.625</u></u>

	<b>2014</b>	<b>2013</b>
<b>Eigið fé</b>		
Óráðstafað eigið fé .....	11.803.996	11.332.564
<b>Langtímaskuldir</b>		
Langtímaskuldir .....	958.799	1.174.483
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	152.652	300.182
Viðskiptaskuldir .....	192.834	222.937
Ýmsar skammtímaskuldir .....	108.261	86.459
Skammtímaskuldir samtals	453.746	609.578
Skuldir samtals	1.412.545	1.784.061
 <b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	 <u>13.216.541</u>	 <u>13.116.625</u>

# Sjóðstreymi ársins 2014

	<i>Fjárhagsáætlun</i>		
	<b>2014</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
Hagnaður ársins .....	644.432	276.796	587.624
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: . . .			
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....	( 53.134 )	0	( 514 )
Afskriftir .....	764.003	810.000	745.960
Verðbætur og gengismunur langtímalána . .	13.778	59.530	20.765
Verðbætur hlutafjáreignar .....	( 505 )	0	( 1.726 )
Verðbætur langtímakrafna .....	( 16.063 )	0	( 28.398 )
	<u>1.352.512</u>	<u>1.146.326</u>	<u>1.323.710</u>
 Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) .....	( 36.879 )	0	( 29.006 )
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....	( 8.302 )	0	13.556
	<u>( 45.181 )</u>	<u>0</u>	<u>( 15.451 )</u>
 Handbært fé frá rekstri	<u>1.307.330</u>	<u>1.146.326</u>	<u>1.308.259</u>
 <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	( 1.014.353 )	( 933.000 )	( 868.972 )
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	53.913	0	1.992
Fjárfesting í öðrum félögum .....	0	0	( 50.500 )
Lóðasala (lóðaúthlutun) .....	270.176	50.000	0
Veitt skuldabréfalán .....	( 200.309 )	( 38.000 )	0
Afborganir langtímakrafna .....	88.613	326.152	200.385
Fyrirframgreiðslur .....	( 1.837 )	0	( 481 )
Fjárfestingarhreyfingar	<u>( 803.798 )</u>	<u>( 594.848 )</u>	<u>( 717.576 )</u>
 <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddar afborganir langtímalána .....	( 376.992 )	( 157.286 )	( 206.985 )
Greiddur arður .....	( 173.000 )	( 173.000 )	( 173.000 )
Fjármögnunarhreyfingar	<u>( 549.992 )</u>	<u>( 330.286 )</u>	<u>( 379.985 )</u>
 <b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b> .....	( 46.460 )	221.192	210.698
 <b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	<u>888.881</u>	<u>568.070</u>	<u>678.182</u>
 <b>Handbært fé í árslok</b> .....	<u><u>842.421</u></u>	<u><u>789.262</u></u>	<u><u>888.881</u></u>





Grænt bókhald  
Faxaflóahafna sf.  
2014



## Yfirlýsing stjórnar

Upplýsingar í þessari skýrslu teljast eins réttar og þær geta orðið miðað við þau gögn sem liggja fyrir. Tölurnar eru ýmist fengnar úr bókhaldi Faxaflóahafna, frá birgjum eða áætlaðar eftir bestu vitund þegar rauntölur liggja ekki fyrir.

Stjórn Faxaflóahafna samþykkir hér með grænt bókhald fyrir árið 2014.

**Reykjavík, 8. Maí 2015**

Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður

Líf Magneudóttir

Björn Blöndal

Þórlaug Ágústsdóttir

Júlíus Vífill Ingvarsson

Ólafur Adólfsson

Jónína Erna Arnardóttir

Björgvin Helgason



## Inngangur

Faxaflóahafnir starfa samkvæmt umhverfisstefnu og leggja áherslu á að vera leiðandi í umhverfismálum, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá starfseminni og vinna að stöðugum úrbótum í umhverfismálum. Umhverfisstefnan er birt í heild sinni á heimsíðu Faxaflóahafna.

Mikilvægir umhverfisþættir eru þeir þættir í starfsemi Faxaflóahafna sem hafa neikvæð og jákvæð áhrif á umhverfið. Faxaflóahafnir þekkja, vakta og stýra þessum þáttum og birta upplýsingar um árangurinn í grænu bókhaldi. Faxaflóahafnir birta upplýsingar um frammistöðu í umhverfismálum í grænu bókhaldi m.a. til að auka umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna.

Grænt bókhald inniheldur lykiltölur sem eiga við um átta mikilvæga umhverfisþætti í starfseminni, sem eru vaktaðir reglulega. Niðurstöður ársins 2014 eru bornar saman við árið 2013 til að meta árangur sem náðst hefur milli ára auk þess sem niðurstöður síðustu fimm ára má sjá á viðeigandi myndum.

Peir umhverfisþættir sem voru vaktaðir árið 2014 eru:

- Raforka (notkun og sala)
- Heitt og kalt vatn (notkun og sala)
- Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda
- Pappírnotkun á hvern starfsmann
- Úrgangur og spilliefni, bæði frá starfsemi Faxaflóahafna og annarrar starfsemi á hafnarsvæðinu ásamt úrgangi frá skipum
- Mengunaróhöpp sem eru tilkynningarskyld
- Dýpkun hafna og ráðstöfun dýpkunarefna
- Landfyllingar á hafnasvæðum

Árið 2014 hófst vöktun á úrgangi frá skipum í höfn hjá Faxaflóahöfnum. Á árinu tók í gildi reglugerð sem gerir kröfur um að hafnir haldi utan um magn og tegund úrgangs frá skipum þó svo að utanaðkomandi verktakar sjái um losun og útgerð greiði fyrir. Faxaflóahafnir vakta einnig mánaðarlega magn saurgerla í sjó á alls tíu stöðum á hafnarsvæði Faxaflóahafna.

Það er einlægur vilji hafnastjórnar að hjá Faxaflóahöfnum sé unnið markvisst að umbótum í umhverfismálum og að fylgt sé með frammistöðu í þeim málum.



## Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Faxaflóahafnir er sameignarfyrirtæki sem stofnað var árið 2004. Fyrirtækið er í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar auk Skorradalshrepps. Fyrirtækið tók til starfa á árinu 2005 við sameiningu hafnanna í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi. Rekstur fyrirtækisins felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Hafnarþjónustan rekur dráttar-báta, vita og sæmerki, hafnarvogir, hafnsöguþjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa. Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnar-mannvirkjum. Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða. Í gegnum tíðina hefur verið unnið að landfyllingum í Reykjavík sem hafa skapað aukið landrými á athafnasvæði fyrirtækisins. Til þessara landfyllinga hefur verið nýtt það jarðefni sem fellur til við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Landfyllingar hafa einnig átt sér stað á Grundartanga og má ætla að umfang þeirra muni vaxa á komandi árum. Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins. Til viðbótar er rekið áhaldahús sem auk þess annast rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.



Í töflu 1 eru teknar saman almennar upplýsingar um fyrirtækið fyrir árin 2013 og 2014. Ekki urðu miklar breytingar milli ára. Tekin var í notkun ný flotbryggja við Ingólfsгарð. Mikil aukning var í fjölda skemmtiferðaskipa milli ára og jókst fjöldi farþega um 12 þúsund manns milli árana 2013 og 2014.

Tafla 1. Almennar upplýsingar um Faxaflóahafnir árin 2013 og 2014

		2013	2014
Starfsmenn Faxaflóahafna, starfsígildi	ársverk	68	68
Bifreiðar í eigu Faxaflóahafna	fjöldi	22	22
Bátar í eigu Faxaflóahafna	fjöldi	4	4
Flatarmál hafnarlands og lengd viðlegukanta			
Gamla höfnin	ha / m	62 / 3.514	62 / 3.594
Sundahöfn	ha / m	166 / 2.501	165 / 2.501
Ártúnshöfði, Eiðsvík og Gufunes	ha / m	98 / 196	98 / 196
Grundartangi	ha / m	699 / 640	700 / 640
Akranes	ha / m	- / 1.340	- / 1.324
Borgarnes	ha / m	- / 61	- / 61
<b>Hafnarland og viðlegukantar alls</b>	<b>ha / m</b>	<b>1.025 / 8.252</b>	<b>1.025 / 8.316</b>
Lóðir í eigu Faxaflóahafna	ha	344	348
Húsnæði Faxaflóahafna, til eigin nota			
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í notkun Faxaflóahafna	m <sup>2</sup>	1.672	1.672
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í leigu	m <sup>2</sup>	4.127	4.127
Bækistöð, Gömlu höfninni	m <sup>2</sup>	1.243	1.243
Vigtarhús, Gömlu höfninni	m <sup>2</sup>	93	93
Vigtarhús Akranesi	m <sup>2</sup>	32	32
Hafnarhúsið Akranesi	m <sup>2</sup>	211	211
Þjónustuhús Skarfabakka	m <sup>2</sup>	360	360
<b>Húsnæði alls</b>	<b>m<sup>2</sup></b>	<b>7.738</b>	<b>7.738</b>
Skipakomur (yfir 100 tonn)			
Skemmtiferðaskip og fjöldi farþega	fjöldi	80 / 92.412	91 / 104.816
Önnur skip	fjöldi	1.392	1.315
Flutningar	tonn	3.355.569	3.491.441
Gámaeiningar	TEU	241.857	261.732


# Lykiltölur í grænu bókhaldi

## RAFORKA – NOTKUN OG SALA

Lykiltalan á við raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sölu raforku til skipa og báta í gegnum rafdreifikerfi. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að nýta sem best raforku í byggingum. Auk þess er æskilegt að sala raforku til skipa í gegnum rafdreifikerfi aukist frá ári til árs þar sem notkun raforku í skipum og bátum kemur í veg fyrir að olía sé notuð til að keyra ljósavélar. Aukin sala raforku dregur þannig bæði úr notkun eldsneytis, losun mengunar til umhverfisins og hávaða.

Mynd 1. **Rafmagnssala til skipa og báta og raforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna árin 2010 til 2014.** Sala rafmagns til skipa og báta minnkaði um rúmlega 2% milli árunna 2013 og 2014 samanber mynd 1 og hefur aukist um tæplega 40% frá árinu 2009. Notkun rafmagns í húsnæði Faxaflóahafna jókst um 6% milli árunna 2013 og 2014.

Raforka – sala og notkun (kWst)



Tafla 2. **Raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sala raforku til skipa og báta árin 2013 og 2014.**

	2013	2014	2013	2014
	kWst	kWst	kWst / m <sup>2</sup>	kWst / m <sup>2</sup>
Raforkunotkun í byggingum				
Bækistöð, Gömlu höfninni	93.344	116.850	75	94
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna	330.392	349.355	57	60
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna*	95.260	100.728	57	60
Hafnarhús á Akranesi	12.743	13.748	60	65
Heildarraforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna	436.479	479.953	–	–
Heildarraforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna	201.347	231.326	–	–
Rafdreifikerfi (rafmagn selt í skip og báta)	5.561.171	5.418.512	–	–

\*Áætluð notkun



## HEITT OG KALT VATN – NOTKUN OG SALA

Lykiltalan á við notkun á heitu og köldu vatni í byggingum Faxaflóahafna og sölu til skipa og báta. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að draga úr óparfa notkun á heitu og köldu vatni. Því er mikilvægt að nýta sem best þá orku sem fer til upphitunar húsnæðis og fylgjast með notkun á köldu vatni, bæði í húsnæði Faxaflóahafna og við sölu til skipa og báta. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með vatnslekum sem geta átt sér stað frá lögnum.

Tafla 3. **Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árin 2013 og 2014.**

	2013	2014	2013	2014
	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup> / m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup> / m <sup>3</sup>
Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna				
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna	18.754	18.961	0,87	0,88
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna*	5.408	5.468	0,87	0,88
Bækistöð, Gömlu höfninni	7.868	7.868	1,07	1,07
Vigtarhús, Gömlu höfninni	1.065	1.386	3,54	4,60
Vigtarhús Akranesi	449	249	3,56	1,98
Hafnarhúsið Akranesi	666	598	0,88	0,79

\*Áætluð notkun



Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna ( $m^3$ )Mynd 2. Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum ( $m^3$ ) árin 2010 til 2014.Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna ( $m^3/m^3$ )Mynd 3. Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum ( $m^3/m^3$ ) árin 2010 til 2014.

Tafla 4. Notkunarstuðull Orkuveitu Reykjavíkur fyrir heitavatnsnotkun í mismunandi tegundum húsnæðis.

Tegund húsnæðis	$m^3/m^3$
Verslunarhúsnæði	0,6-0,8
Skrifstofuhúsnæði	0,5-0,8
Iðnaðarhúsnæði	0,4-1,0
Lagerhúsnæði	0,3-0,8

Tafla 5. Innkaup, sala og útskýrð kaldavatnsnotkun árin 2013 og 2014.

	2013	2014
	$m^3$	$m^3$
Kalt vatn, innkaup fyrir bryggjur	299.772	223.764
Kalt vatn, sala í skip og báta	75.793	72.070
Hlutfall af seldu vatni	25%	32%

Kalt vatn – innkaup og sala ( $m^3$ )Mynd 4. Innkaup og sala á köldu vatni ( $m^3$ ) árin 2010 til 2014.Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna ( $m^3$ )Mynd 5. Kaldavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum ( $m^3$ ) árin 2010 til 2014.



Tafla 6. Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árin 2012 og 2013.

	2013	2014	2013	2014
	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup> /m <sup>2</sup>	m <sup>3</sup> /m <sup>2</sup>
Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna				
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna	1.789	1.834	0,2	0,2
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna*	516	529	0,3	0,3
Hafnarhúsið Akranesi	35	51	0,2	0,2
Bækistöð, Gömlu höfninni	160	190	0,1	0,2

\*Áætluð notkun


## ELDSNEYTISNOTKUN

Lykiltalan á við notkun eldsneytis (skipaolíu, dísil og bensín) fyrir ökutæki og báta. Skipaolía er notuð á báta í eigu Faxaflóahafna en dísilolía og bensín á bifreiðar og vélar. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla eldsneytis veldur losun mengandi efna til umhverfisins, m.a. gróðurhúsalofttegunda. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, bæði með því að velja sparneytnari skipavélar og bifreiðar og huga að því hvort hægt sé að velja vélar og tæki sem nota endurnýjanlega orkugjafa.

Tafla 7. Eldsneytisnotkun og ústreymi gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu eldsneytis árin 2013 og 2014.

	2013	2014	2013	2014
	L	L	kg CO <sub>2</sub> ígildi	kg CO <sub>2</sub> ígildi
Heildarnotkun skipaolíu	199.214	179.514	533.296	480.559
Heildarnotkun dísil (lituð og ólituð)	35.657	35.615	95.949	95.836
Heildarnotkun bensíns	6.748	6.422	15.696	14.938
<b>Alls</b>	–	–	<b>644.941</b>	<b>591.333</b>
Meðaltalseyðsla skipaolíu pr. vélatíma aðalvélar	89,3	79,5		
Meðaltalseyðsla dísil pr. 100 km	12,3	12,9		
Meðaltalseyðsla bensíns pr. 100 km	8,4	8,5		
Stærð skóglendis (ha)	–	–	147	134


### Ústreymi gróðurhúsalofttegunda (kg CO<sub>2</sub> ígildi)

Mynd 6. Ústreymi gróðurhúsalofttegunda (kg CO<sub>2</sub> ígildi) vegna brennslu eldsneytis árin 2010 til 2014.

## PAPPÍRSNOTKUN

Lykiltalan á við um notkun skrifstofupappírs. Þó svo að pappírinn sjálfur sé endurnýjanleg auðlind er mikilvægt að minnka notkunina þar sem alltaf eru notaðar einhverjar óendurnýjanlegar auðlindir og orka við framleiðslu, flutning og förgun pappírins.

Notkun skrifstofupappírs (kg/starfsmann)



Mynd 7. Notkun skrifstofupappírs árin 2010 til 2014.

Tafla 8. Notkun skrifstofupappírs árin 2013 og 2014.

	2013	2014	2013	2014	2013	2014
	Fjöldi	Fjöldi	kg	kg	kg / starfsm.	kg / starfsm.
Skrifstofupappír (A4 blöð)	125.000	125.000	625	600	9,1	8,8

## ALMENNUR ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

Lykiltalan á við myndun og meðhöndlun almenns úrgangs og spilliefna. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr myndun almenns úrgangs og spilliefna, auka endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur og sjá til þess að spilliefnum sé fargað á ábyrgan hátt. Lykiltalan tekur bæði til úrgangs sem myndast í eigin starfsemi en einnig til úrgangs sem myndast á hafnarsvæðum hjá einstaklingum og í starfsemi annarra fyrirtækja, sem Faxaflóahafnir sjá um að safnað sé inn frá. Faxaflóahafnir hafa jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á tanka fyrir úrgangsolíu og standa fyrir hreinsunaráttakverkefnum á hafnarsvæðinu. Þessar aðgerðir hafa þó í för með sér að magn úrgangs sem skrifast á Faxaflóahafnir sf. eykst.




Tafla 9. Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu árin 2013 og 2014.

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	2013	2014
		kg	kg
Gæðapappír	Endurvinnsla	1.350	2.130
Dagblöð og tímarit	Endurvinnsla	1.890	1.470
Bylgjupappí	Endurvinnsla	1.275	1.356
Blandaður úrgangur	Förgun	9.720	9.277
<b>Úrgangur alls</b>	-	<b>14.235</b>	<b>14.233</b>


Meðhöndlun	kg	%	kg	%
Úrgangur til förgunar	9.720	68	9.277	65
Úrgangur til endurvinnslu	4.515	32	4.956	35

### Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, heildarmagn (kg)



Mynd 8. Almennur úrgangur allra aðila í skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu árin 2010 til 2014.

### Úrgangur frá hafnarsvæði (kg)



Mynd 9. Úrgangur sem safnað var saman fyrir hafnarsvæði árin 2010 til 2014.

Tafla 10. Úrgangur sem safnað var saman fyrir hafnarsvæði árin 2013 og 2014.

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Reykjavík		Grundartangi		Akranes		Samtals	
		2013	2014	2013	2014	2013	2014	2013	2014
Blandaður úrgangur	Förgun	10.710	21.261	13.770	13.680	6.090	16.270	30.570	51.211
Bylgjupappi	Endurvinnsla	4.390	6.920	0	0	0	75	4.390	6.995
Grófur úrgangur	Förgun	59.680	55.870	1.420	0	10.620	1.520	71.720	57.390
Hjólbarðar til förgunar	Förgun	73.810	163.520	0	0	0	0	73.810	163.520
Málmar	Endurvinnsla	45.580	25.840	0	0	2.700	0	48.280	25.840
Gler og postulín	Förgun	0	0	0	0	0	0	0	0
Timbur	Endurvinnsla	7.981	9.920	0	0	320	0	8.301	9.920
Timbur, litað og blandað	Endurvinnsla	15.400	13.580	0	0	260	0	15.660	13.580
WC úrgangur	Förgun	6	0	0	0	0	0	6	0
Garðaúrgangur	Endurvinnsla	1.940	2.360	2.400	0	0	0	4.340	2.360
<b>Úrgangur alls</b>	-	<b>219.497</b>	<b>299.271</b>	<b>17.950</b>	<b>13.680</b>	<b>19.990</b>	<b>17.865</b>	<b>247.077</b>	<b>330.816</b>
<b>Meðhöndlun</b>		%	%	%	%	%	%	%	%
Úrgangur til förgunar		66	80	86	100	84	100	69	82
Úrgangur til endurvinnslu		34	20	14	0	16	0	31	18

Tafla 11. Úrgangstegundir og magn sem nýtast sem hráefni hjá Faxaflóahöfnum árin 2013 og 2014.

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	2013	2014
Hjólbarðar	Endurvinnsla (þybbur)	483 stk	907 stk
Fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum	Endurvinnsla (fyllingarefni)	30.000 m <sup>3</sup>	0 m <sup>3</sup>

### Úrgangur – móttekinn og nýttur hjá Faxaflóahöfnum

Ýmsar tegundir efna sem teljast til úrgangstegunda hjá einum aðila eru fyrirmyndar hráefni hjá öðrum. Dæmi um þetta eru slitnir hjólbarðar og fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum. Faxaflóahafnir taka á móti töluverðu magni af hjólborðum á hverju ári sem notaðir eru í þybbur á bryggjur. Tekið var á móti 907 stk. af hjólborðum árið 2014 sem notaðir voru í þybbur.

Faxaflóahafnir hafa á undanfönum árum tekið á móti töluverðu magni af fyllingarefnum og jarðvegi frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu og á Grundartanga og nýtt sem fyllingarefni m.a. í hafnarframkvæmdir. Móttakan í Reykjavík var lokuð allt árið 2014 og ekkert efni barst því þetta árið.




Tafla 12. Úrgangur og spilliefni frá skipum, fluttur frá borði árið 2014.


Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Reykjavík kg	Grundartangi kg	Akranes kg	Samtals kg
Blandaður úrgangur	Förgun	95.864	13.680	16.270	125.814
Grófur úrgangur	Förgun	129.006	0	1.520	130.526
Hjólbarðar til förgunar	Förgun	33.540	0	0	33.540
Málmar	Endurvinnsla	1.516	0	0	1.516
Gler og postulín	Förgun	3.980	0	0	3.980
Timbur	Endurvinnsla	8.770	0	75	8.845
<b>Úrgangur alls</b>		<b>272.676</b>	<b>13.680</b>	<b>17.865</b>	<b>304.221</b>
<b>Spilliefni</b>				<b>420</b>	
<b>Úrgangsolía og olíumengaður sjór</b>		<b>2.413.468</b>			

Tafla 13. Úrgangsolía og önnur spilliefni safnað saman á hafnarsvæði árin 2013 og 2014.

	2013	2014	2013	2014
	Úrgangsolía [ltr.]	Úrgangsolía [ltr.]	Önnur spilliefni [kg]	Önnur spilliefni [kg]
Reykjavíkurhöfn	4.145	7.090	825	1.649
Akraneshöfn	150	420	200	100
Grundartangahöfn	0	0	0	55
<b>Spilliefni alls</b>	<b>4.295</b>	<b>7.510</b>	<b>1.025</b>	<b>1.804</b>



Spilliefni frá hafnarsvæðum (kg)



Mynd 10. Spilliefni frá hafnarsvæðum (kg) árin 2010 til 2014.

## MENGUNARÓHÖPP

Lykiltalan á við um mengunaróhöpp á hafnarsvæði, þar sem olía eða önnur mengandi efni berast í sjóinn, við bryggju og baksvæði þeirra. Ef magn mengandi efna er yfir 100 L ber að tilkynna það til Faxaflóahafna. Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr tilheyrandi umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Faxaflóahafna og þeirra sem leigja svæði af Faxaflóahöfnum. Haldið hefur verið utan um þau óhöpp sem tilkynnt hafa verið, en ekki er hægt að tryggja að öll óhöpp séu tilkynnt til Faxaflóahafna.

Ekki var um nein meiriháttar mengunaróhöpp að ræða á árinu 2014. Eins og fram kemur í töflu 14 var eitt mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna á árinu þegar gasolía fór í sjóinn við áfyllingu.

Tafla 14. Mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna árin 2013 og 2014.

	2013	2014	2013	2014
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn	Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn
Tilkynnt óhöpp á landi	1	1	0,001	0,001
Tilkynnt óhöpp á sjó	0	0	0	0
<b>Mengunaróhöpp alls</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>0,001</b>	<b>0,001</b>


## DÝPKUN HAFNA

Lykiltalan á við um umfang dýpkunar hafna og mögulega nýtingu þess efnis sem verður til við dýpkun þeirra. Dýpkun hafna getur krafist þess að fjarlægja þurfi mengað set sem koma þarf fyrir, t.d. í landfyllingum. Ávinningur við notkun dýpkunarefna til landgerðar er töluverður ef um tiltölulega ómengað efni er að ræða þar sem efnistaka og efniskaup sparast.

Tafla 15. Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið árin 2013 og 2014.

	2013	2014
	m <sup>3</sup>	m <sup>3</sup>
Dýpkunarefni nýtt til landgerðar	0	0
Dýpkunarefni varpað í hafið	27.550	54.292
<b>Heildarmagn dýpkunarefnis</b>	<b>27.550</b>	<b>54.292</b>

Magn dýpkunarefnis (m<sup>3</sup>)




Mynd 11. Magn dýpkunarefnis sem nýtt var til landgerðar og varpað í hafið árin 2010 til 2014.

## LANDFYLLINGAR

Lykiltalan á við um landfyllingar sem eru hluti af stækkun hafnarsvæða og byggingu hafnarmannvirkja. Landfyllingar hafa áhrif á náttúrulega lögun hafnarinnar, auk þess að breyta samsetningu þeirra jarðefna sem eru til staðar innan hafnarsvæðisins (t.d. með endurnýtingu fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum).

Magn efna til landfyllinga (m<sup>3</sup>)



Mynd 12. Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting árin 2010 til 2014.



Tafla 16. Landsvæði til landfyllinga og magn og tegundir efna sem notuð voru til landfyllinga árin 2013 og 2014.

		2013	2014
		Magn	Magn
Landsvæði til landfyllinga	ha	0	0,7
Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting			
Dýpkunarefni til landgerðar	m <sup>3</sup>	0	0
Endurvinnsla fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu	m <sup>3</sup>	30.000	0
Fyllingarefni í útboðsverkum	m <sup>3</sup>	0	59.000
Keypt fyllingarefni úr námum í sjó	m <sup>3</sup>	62.400	0
Efni í flæðigryfjum frá stóriðju			17.900
<b>Heildarmagn efna til landfyllinga</b>	<b>m<sup>3</sup></b>	<b>92.400</b>	<b>76.900</b>





